



Reykjavík, 13. desember 2012

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umsögn Myllunnar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 97/1987, og tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum (Þingskjal 611).

Til nefndarmanna efnahags- og viðskiptanefndar

### Athugasemdir við fjárlagafrumvarpið 2013

Myllan, sem umsvifamikill íslenskur matvælaframleiðandi, lýsir yfir áhyggjum af fyrirhuguðum skattahækkunum ríkisstjórnarinnar á sykri. Óhóflegar skattahækkanir á sykri munu bitna á íslenskum framleiðslufyrirtækjum sem munu þurfa að velta kostnaði upp á hundruð milljóna út í verðlagið með tilheyrandi verðbólguáhrifum, minnkandi umsvifum, aukinni erlendri samkeppni og neikvæðri vixlverkun í atvinnuumhverfi þeirra. Með þessu móti er verið að skekkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja erlendri samkeppni til góða.

### Lýðheilsusjónarmið virðast ekki markmiðið

Ljóst er að sykurskattur hefur veruleg áhrif á afkomu íslenskra matvælafyrirtækja og íslenskra heimila sem búa við verðtryggð lán. Með fyrirhugaðri skattlagningu vegna ársins 2013 er ennfremur ljóst að markmiðið með skattahækkunum er ekki lýðheilsusjónarmið. Hráefni sem getur að einhverju leyti komið í staðinn fyrir sykur, eins og gervisæta, fá líka á sig skattahækkun. Það hlýtur að teljast undarlegt að setja íslenskum matvælafyrirtækjum fjárhagsleg takmörk fyrir notkun ákveðins hráefnis um leið og valkostirnir eru skattlagðir út af borðinu.

### Myllan skattlögð sérstaklega um tugi milljóna

Myllan mótmælir þessum áformum og hvetur um leið til þess að fremur verði litið til skattalegra ívilnana fyrir íslensk fyrirtæki í stað þess að efla framgang erlendra framleiðslu með þessum hætti. Í þessu sambandi má benda á að útlit er fyrir að ríkisstjórnin ætli að sækja tugi milljóna, af þeim 800 milljónum sem fyrirhugaðar eru með þessari skattahækkun, beint til Myllunnar. Nái áformin fram að ganga yrði það gríðarlegt högg fyrir Mylluna. Reikna má með að sala á sætabrauði minnki um tugi milljóna sem þýðir að einhver störf tapist með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkissjóð og áfalli fyrir fjölskyldur viðkomandi. Raunar má reikna með til viðbótar að kostnaðaraukinn fyrir Mylluna af sykurskattinum samsvari um 12-35 ársstörfum eftir því hver niðurstaða frumvarpsins verður. Fylgir því mikil ábyrgð að ganga svo hart fram gegn rótgrónum íslenskum matvælafyrirtækjum.

### Fyrirmynd skattsins er horfin

Í nóvember bárust fregnir af því frá Danmörku, sem jafnan er vísað til þegar lýðheilsusjónarmiðum er hampað á Íslandi, að sykurskatturinn, sem var fyrir skömmu innleiddur, yrði aflagður<sup>1</sup> en til hafði staðið að hækka skattinn. Ástæðan fyrir afnámi hans var sú að ekki tókst að stýra neyslu Dana með þessum hætti. Ennfremur þóttu hliðaráhrifin afar

<sup>1</sup> [http://www.mbl.is/frettir/erlent/2012/11/10/fituskattur\\_aflagdur\\_og\\_haett\\_vid\\_sykurskatt/](http://www.mbl.is/frettir/erlent/2012/11/10/fituskattur_aflagdur_og_haett_vid_sykurskatt/)



neikvæð en þau draga úr atvinnustigi í Danmörku og auka kostnað fólksins í landinu. Áhrif sykurskatts á Íslandi yrðu sambærileg, jafnvel enn verri, þar sem íslenskum framleiðslu-fyrirtækjum yrði gert mjög erfitt fyrir að keppa við erlenda framleiðslu sem í mörgum tilfellum myndi lækka í verði vegna skattabreytinganna – þrátt fyrir mikið sykurmagn og þrátt fyrir meint lýðheilsusjónarmið.

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, sagði 12. nóvember síðastliðinn í viðtali á Bylgjunni að sykurskatturinn yrði skoðaður nánar<sup>2</sup>. Helgi Hjörvar sagði við sama tækifæri að breytt afstaða Dana kalli á endurskoðun á Íslandi þar sem fyrirmyndin væri horfin. Þau vinnubrögð, að meirihlutinn taki frumvarpið úr nefnd án þess að fyrirhugaðar skatta-hækkanir fái umfjöllun, eru forkastanleg og mikið áhyggjuefni. Þau benda til þess að markmið skattsins hafi ávallt verið að safna fé í ríkissjóð óháð þeim afleiðingum sem það hefði í för með sér. Innleiðing skatts eftir fyrirmynd sem ekki er lengur til er einnig til marks um uggvæn-leg vinnubrögð.

Þá verður að taka undir með Jóhannesi Gunnarssyni, formanni Neytendasamtakanna, um að farsælla sé að beita fræðslu og forvörnum til að ná fram lýðheilsusjónarmiðum.

### Aðferðafræðin hyglir erlendum framleiðendum

Ennfremur vill Myllan lýsa yfir miklum áhyggjum af þeirri aðferðafræði sem virðist eiga að beita. Fyrirtækin eiga val um tvær leiðir, 210 króna gjald á hvert kíló af sykri (sem kostar um það bil 100 krónur í innkaupum) annarsvegar og hinsvegar tollflokkaleið en aðeins er hægt að velja eina leið fyrir eina kennitölu. Þetta getur verið meiriháttar vandamál fyrir ólíkan rekstur sem rekinn er á einni kennitölu. Þannig lendir móðurfélag Myllunnar, ÍSAM, í vanda þegar velja á leið fyrir dótturfélög sem ekki geta nýtt sömu leið. Með þessari út-færslu er alltaf eitthvert dótturfélag sem verður sérstaklega illa státt eftir breytingarnar gagnvart erlendri samkeppni.

Harkalegar skattahækkanir munu leiða til kaupmáttarrýrnunar fyrir neytendur sem jafnframt mun skaða smásala sem nú þegar eiga í erfiðleikum með reksturinn. Þar sem matur er hluti af vísitölu neysliverðs, sem hefur mikil áhrif á vexti og verðtryggt lán, munu fyrirhugaðar hækkanir ríkisstjórnarinnar auka verulega álögur á heimilin. Í umsögn Samtaka verslunar og þjónustu kemur fram að vísitala neysliverðs muni hækka um 0,1% vegna skattahækkana á sykri og mun það leiða til þess að lán heimilanna munu hækka um 1,3 milljarða<sup>4</sup> króna bara í gegnum vísitölubreytingar.

Við aðstæður þar sem vitað er að miklar hráefnishækkanir á matvörumarkaði eru fram-undan, meðal annars í hveiti, væri æskilegt að draga frekar úr sköttum svo milda megi þær hækkanir sem eru í kortunum og áhrif þeirra á vísitölu verðtryggingar sem virðist því miður á hraðri uppleið.

Í stað þess að taka áhættuna á neikvæðum áhrifum af harkalegri skattahækkun ætti ríkis-stjórnin að stuðla að fræðslu og forvörnum og reyna frekar að sækja skatttekjur frá aukinni framleiðni í þjóðfélaginu.

<sup>2</sup> <http://visir.is/section/MEDIA98&fileid=CLP15068>

<sup>4</sup> <http://eyjan.pressan.is/frettir/2012/12/07/stjomvold-aetla-ad-hala-inn-800-milljonir-med-sykurskatti/>

F.h. Myllunnar

---

Kristján Theódórsson

---

Björn Jónsson